

Nd.

26. Frumvarp til laga

[26. mál]

um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Afurðaverð til framleiðenda landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 skal byggt á verðlagsgrundvelli, er Hagstofa Íslands reiknar eftir verðlagsgrundvelli haustsins 1964, sem hér segir: Við laun bónda og sjúkrasjóðsgjald bætist geymd hækkun samkvæmt bókun í fundargerðabók Sexmannanefndar 24. febrúar 1965, og við það hvort tveggja leggst viðbót, sem er að hundraðshluta jöfn þeirri hækkun, er verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965, vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 20/1965, um breyting á lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar. Við aðkeypta vinnu bætist viðbót, sem er hlutfallslega hin sama og nefnd hækkun á bótaupphæðum almannatrygginga. Við fjárhæðir vinnuliða, þannig reiknaðar, bætist verðlagsuppbót, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa. — Aðrir útgjaldaliðir verðlagsgrundvallar 1964 skulu færðir fram til verðlags á hausti 1965 og eftir þeim reglum, sem gilda, þegar grundvelli hefur ekki verið sagt upp. Sama gildir um tekjuhlið verðlagsgrundvallar. Verð á ull og gærum í verðlagsgrundvelli 1965—1966 skal vera meðalútflutningsverð þessara afurða 1964—1965 að frádrögnum áföllnum kostnaði, er útflutningur á sér stað, samkvæmt mati Hagstofunnar.

Þá er Hagstofan hefur reiknað verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, afhendir hún hann nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. til frekari meðferðar.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara 1965—1966 samkvæmt útreikningi Hagstofunnar skal gilda á allan hátt eins og hann hefði verið ákveðinn samkvæmt fyrir-mælum II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

2. gr.

Á verðlagsárinu 1965—1966 skal nefnd þriggja manna fara með þau verkefni, sem samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, eru í höndum Sexmannanefndar og yfirnefndar hennar. Þetta tekur þó ekki til ákvörðunar á verðlagsgrundvelli, sem Hagstofan reiknar, sbr. 1. gr. þessara laga.

Í nefnd þessari skulu eftirtaldir menn eiga sæti: Ráðuneytisstjóri landbúnaðar-ráðuneytisins, forstjóri Efnahagsstofnunar og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hver nefndarmaður tilnefnir varamann, og starfar hann í nefndinni á eigin ábyrgð í forföllum aðal manns.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefnd þessari. Þó getur hver hinna þriggja nefndarmanna krafizt þess, að ákvæði fyrri málslíðs 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa, séu látin koma til framkvæmda hverju sinni, sem breyting verður á kaupgreiðsluvisitölu á verðlagsárinu 1965—1966. Sömu leiðis getur hver nefndarmaður krafizt þess, að ákvæði 1. og 2. málsg. 9. gr. framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, um breytt afurðaverð til framleiðenda, séu látin koma til framkvæmda, þegar breyting hefur orðið á kaupmi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík.

Nefndinni er heimilt að framkvæma verðtilfærslur milli einstakra afurðaliða í tekjuhlið verðlagsgrundvallar, enda haldist niðurstöðufjárhæð grundvallarins óbreytt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal starfa með nefndinni að verðlagningu landbúnaðarvara 1965—1966 á sama hátt og það starfar með Sexmannanefnd samkvæmt fyrir-mælum í II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir nefndina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—66.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð oss, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafi, með ákvörðun sinni um að hætta aðild að störfum Sexmannanefndar, komið í veg fyrir verðlagningu landbúnaðarvara á þessu hausti í samræmi við ákvæði II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, og að því sé nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög um aðra skipun þessara mála, er gildi á verðlagsárinu 1965—1966.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Afurðaverð til framleiðenda landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 skal byggt á verðlagsgrundvelli, er Hagstofa Íslands reiknar eftir verðlagsgrundvelli haustsins 1964, sem hér segir: Við laun bónda og sjúkrasjóðsgjald bætist geymd hækkun samkvæmt bókun í fundargerðabók Sexmannanefndar 24. febrúar 1965, og við það hvort tveggja leggst viðbót, sem er að hundraðshluta jöfn þeirri hækkun, er verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965, vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 20/1965, um breyting á lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar. Við aðkeypta vinnu bætist viðbót, sem er hlutfallslega hin sama og nefnd hækkun á bótaupphæðum almannatrygginga. Við fjárhæðir vinnuliða, þannig reiknaðar, bætist verðlagsuppbót, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa. — Aðrir útgjaldaliðir verðlagsgrundvallar 1964 skulu færðir fram til verðlags á hausti 1965 og eftir þeim reglum, sem gilda, þegar grundvelli hefur ekki verið sagt upp. Sama gildir um tekjuhlið verðlagsgrundvallar. Verð á ull og gærum í verðlagsgrundvelli 1965—1966 skal vera meðalútflutningsverð þessara afurða 1964—1965 að frádregnum áföllnum kostnaði, er útflutningur á sér stað, samkvæmt mati Hagstofunnar.

Þá er Hagstofan hefur reiknað verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, afhendir hún hann nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. til frekari meðferðar.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara 1965—1966 samkvæmt útreikningi Hagstofunnar skal gilda á allan hátt eins og hann hefði verið ákveðinn samkvæmt fyrir-mælum II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

2. gr.

Á verðlagsárinu 1965—1966 skal nefnd þriggja manna fara með þau verkefni, sem samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, eru í höndum Sexmanna-nefndar og yfirnefndar hennar. Þetta tekur þó ekki til ákvörðunar á verðlags-grundvelli, sem Hagstofan reiknar, sbr. 1. gr. þessara laga.

Í nefnd þessari skulu eftirtaldir menn eiga sæti: Ráðuneytisstjóri landbúnaðar-ráðuneytisins, forstjóri Efnahagsstofnunar og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hver nefndarmaður tilnefnir varamann, og starfar hann í nefnd-inni á eigin ábyrgð í forföllum aðal manns.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefnd þessari. Þó getur hver hinna þriggja nefndarmanna krafizt þess, að ákvæði fyrri málsliðs 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa, séu látin koma til framkvæmda hverju sinni, sem breyting verður á kaupgreiðsluvisitölu á verðlagsárinu 1965—1966. Sömu leiðis getur hver nefndarmaður krafizt þess, að ákvæði 1. og 2. málsg. 9. gr. framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, um breytt afurðaverð til framleiðenda, séu látin koma til framkvæmda, þegar breyting hefur orðið á kaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík.

Nefndinni er heimilt að framkvæma verðtilfærslur milli einstakra afurðaliða í tekjuhlið verðlagsgrundvallar, enda haldist niðurstöðufjárhæð grundvallarins óbreytt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal starfa með nefndinni að verðlagningu landbúnaðarvara 1965—1966 á sama hátt og það starfar með Sexmannanefnd samkvæmt fyrirmælum í II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir nefndina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri og í Reykjavík, 11. september 1965.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Þórður Eyjólfsson.

Ingólfur Jónsson.